

HJÓNIN GUÐRÚN OG GUÐMUNDUR Á BALA

Á þessu ári urðu hjónin á Bala í Miðneshreppi 80 ára. Af því tilefni brá ég mér suður að Bala og ræddi við þau um ættir þeirra og uppruna. Þegar komið er að Bala, má sjá að húsmóðirin hefur ekki setið auðum höndum. Heimilið er prýtt blómum og fagurri handavinnu.

Guðrún Guðmundsdóttir er fædd 12.7.1902 að Akrahóli í Hvalsneshverfi. Móðir hennar, Sigurbjörg Torfadóttir var fædd að Kirkjuvogi, Höfnum. Faðir hennar, Guðmundur Þorsteinson var fæddur að Akurhúsum í Garði. Af þessu má sjá að Guðrún er hreinræktaður Suðumesjamaður. Tíu ára gömul fór Guðrún að vinna fyrir sér og þá sem snúningastúlka að Litla-Hólmi í Leiru, til Ingibjargar Ófeigsdóttur og Sigurðar Þóroddssonar. Árið 1916 fór hún suður að Bala sem vinnukona. Þar liggja leiðir þeirra Guð-



rúnar og Guðmundar saman.

Guðmundur Guðmundsson er fæddur 30.10.1902 að Hrauni í Grindavík. Þar voru foreldrar hans í húsmennsku. Seinna fluttu þau að Hrauntúni í Grindavík og

bjuggu þar þurrabúi þar til móðir hans lést árið 1914. Foreldrar hans voru Guðmundur Loftsson frá Klasbarði í Landeyjum og Guðlaug Sveinsdóttir frá Gíslakoti undir Eyjafjöllum. Bæði ættuð úr

Rangárvallasýslu.

Eftir lát móður sinnar fór Guðmundur til föðursystur sinnar, Helgu Loftsdóttur og Daða Jónssonar, manns hennar sem bjuggu að Bala.

Árið 1925 giftust þau Guðrún og Guðmundur og hófu búskap að Bala. Árið 1935 fluttust þau til Keflavíkur vegna þess að engin útgerð átti að vera frá Stafnesi þann vetur. En sjómennska var aðal vinna Guðmundar að vetrinum. Hann réði sig sem landmann á mótorbátinn Ólaf Magnússon. Ekki höndluðu þau hamingjuna við að flytjast til Keflavíkur. Á fyrsta mánuði misstu þau bestu kúna sína. Á gamlársdag var haldin jólatrésskemmtun fyrir börn í Ungmennafélagshúsinu og fór Guðrún með börnin sín þangað. Var hún ný farin heim með yngri börnin, en tvö hin eldri voru á skemmtuninni þegar jólatréð sem var ljósum prýtt, féll. Á sama augnabliki var húsið alelda. Létust þar níu manns og margir brenndust illa. Þama misstu þau hjónin næst elsta barn sitt, Sólveigu Helgu, sjö ára. Þessi atburður er þeim ávallt ofarlega í huga og efflaust öllum Keflvíkum sem hann muna.

Vorið 1936 fluttu þau hjónin aftur suður að Bala og þar hafa þau búið síðan.

Þau hafa eignast átta börn og eru sjö þeirra á lífi. Allt mannvænleg börn, sem hafa komið sér vel áfram í lífinu. Þau eru: Guðmundur Kristmann f. 1925, Sólveig Helga f. 1928, Guðmundur Loftsson f. 1929, Sigurður Bjarnason f. 1931, Sigurbjörg f. 1934, Guðlaug Helga f. 1937, Sigrún Guðný f. 1938, Sólmundur Rúnar f. 1943. Barnabörn þeirra Guðrúnar og Guðmundar eru orðin tuttugu og sjö og barnabarnabörnin fjórtán.

Áður fyrr bjuggu Balahjónin stórbúi á mælikvarða Suðumesja. En eftir því sem árin færðust yfir þau hefur búskapurinn dregist saman.

Guðmundur hefur ávallt haft áhuga á félagsmálum og sérstakan áhuga hefur hann sýnt málefnum kirkjunnar. Hann hefur verið í sóknarnefnd Hvalsnes-sóknar í tugi ára og formaður í mörg ár. Nú er hann meðhjálpari og kirkjuhaldari Hvalsneskirkju.

Balahjónin geta horft til baka með ánægju yfir ævistarfið.

Kæru hjón, ég óska ykkur og fjölskyldu ykkar til hamingju með þessu tímamót og vona að við megum njóta starfa ykkar í mörg ár enn.

Halldóra Thortlacius

Auglýsing um umferð í Keflavík

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Keflavíkur og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér settar eftirgreindar reglur um umferð í Keflavík:

Biðskylda samkvæmt 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga verður framvegis á Skólavegi við Flugvallarveg, andstætt því sem nú er.

Bannað er að stöðva ökutæki eða leggja þeim á Skólavegi að norðanverðu á kaflanum milli Hafnargötu og Suðurgötu.

Bannað er að stöðva ökutæki eða leggja þeim beggja vegna Skólavegar á kaflanum milli Suðurgötu og Sólvallagötu.

Bannað er að leggja ökutæki á Skólavegi að norðanverðu á kaflanum milli Sólvallagötu og Hringbrautar.

Hafnargötu milli Flugvallarvegjar og Faxabrautar hefur nú verið skipt í tvær akreinar, þegar ekið er til norðurs, og er framúrakstur því heimill á þessum kafla.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Keflavík, 2. nóvember 1982.
Jón Eysteinnsson